

## Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólastarfi.

**1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn SKÖPUN komi fram og endurspeglis í?**

- a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra
- b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra

**Hópur 1: Þarf að vera rými fyrir skapandi starf á öllum skólastigum, samþætting námsgreina er mikilvæg, sögurammar mikilvægir.**

**Nota umhverfi og menningu hvers staðar vera kveikja að sköpun.**

**2: Að kennarar stuðli markvisst, velja sér leiðir í útfærslu verkefna.**

**Skóli taki hugmyndum fagnandi, frumlegum, vinni með nærumhverfi sítt.**

**3: Hí tæki til hjá sér í vinnubrögðum, gefi okkur fyrirmyndir. Hægt að hafa samræðu/þjóðfund frá skólasamfélaginu um sköpun, kennslan sé verkleg, áþreifanleg, unnið í höndum, hands on,**

**4: menntun kennara er undirstaðan, þurfum að fá menntun í sköpun innan HÍ og líka endurmenntunin, sköpun sé skilgreind sem markmið af kennslu, fari fram umræða um sköpun í skólanum, mikilvægt að vekja forvitni og áhuga, umhverfið örvar einstaklinginn.**

**2 Hvað þarf til þess að styrkja sköpunarhæfni nemenda?  
(Reynsla, hugmyndir og leiðir)**

**1: Vekja áhuga og forvitni og jákvæðni nemenda, samþætting og þemavinna skipta máli, nota heimspeki, þverfagleg samþætting.**

**2: Verkefni höfði til áhugasviðs og getu, byggja ofan á reynslu nemenda, styðja nemendur með þeirra hugmyndir, efla sjálfstæði og trú á eigin getu, \***

**3: Meira vægi sköpunar innan allra námsgreina og sköpun komi inn á námsmatið – sköpun fái gildi í námsmati, fleiri námsgreinar og meira val í greinum sem tengjast sköpun. Markvisst nýsköpunarkennsla í skólana.**

**4: Hæfileikar einstaklingsins sjálfs, aðstaða (tími, félagsskapur, umhverfi). \***

**3 Hugmyndir um aðferðir til að auka menntun til sköpunar þvert á námsgreinar/námssvið?**

**1: Sögurammi það sem skiptir máli, þemavinna, auka tjáningu og leiklist, þverfaglegt samstarf.**

**2: Gera söguefni námsgreina meira lifandi, samþætting; a) greina á hendi eins kennara b) samþætting námsefnis sem margar greinar koma að.**

**3: Börn fengju að vinna í verkefnum þar sem þau þurfa að finna lausnir á vandamálum. Kynna fjölbreyttan efnivið og eiginleika hans fyrir nemendum.**

**4: Sköpun skilgreind sem námsaðferð eða hluti af námstækni? Sköpun tekin meira inn í námsmat.**

**4 Annað sem skiptir máli**

**1: Þarf að vera til skýr stefna skóla og góð og styrk endurmenntun. Getum líka lært af öðrum, öðrum skólum. Öllum þarf að líða vel í skólanum, það er mikilvægast. Sýna umburðarlyndi. Það má vera öðruvísi.**

**2: Húsnæði, rýmið skiptir máli, fjámagn, stuðningur við kennara, hvetja nemendur til frumkvæðis strax, markmið sem eru sett séu raunhæf miðað við húsnæði og fjámagn.**

**3: Alltaf verið að setja meira og meira inn í skólann, hvenær ætlum við að fara að taka út? Taka til á harða diskinn til að eiga meira pláss fyrir sköpunina**

**4: Allir þurfa að fá leyfi og tíma til að skapa.**

**VIÐ VILJUM AÐ ÞESSIR PUNKTAR SÉU NOTAÐIR TIL ÁFRAMHALDANDI VINNU.**